

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávaraútvegsráðuneytið, 6. nóvember 1989.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð um eftirlit með útlendingum,  
nr. 1483. september 1965.**

## 1. gr.

25. gr. orðist svo:

Útlendingar sem eiga íslenskan maka og útlendingar sem fæddir eru íslenskir ríkisborgarar þurfa ekki sérstakt dvalarleyfi ef þeir hafa haft fasta búsetu hér á landi um tveggja ára skeið og búa hér enn. Gidir þetta meðan hlutaðeigandi útlendingur hefur hér búsetu.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45 12. maí 1965, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. október 1989.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda á Langholti vegi gagnvart Kleppsvegi (stofnbraut) verði afnumin.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. október 1989.*

**Böðvar Bragason.**